

Alþingi, viðskiptanefnd
vt. Selma Hafliðadóttir
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. júní 2009 02-2009050542

T-ums 25/09

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, einföldun reglna við samruna og skiptingu - 15. mál, þskj. 15.

Ríkisskattstjóri hefur þann 26. maí 2009 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög - 15. mál, þskj. 15.

Í frumvarpinu er m.a. mælt fyrir um að allir hluthafar geti samþykkt að ekki sé krafist skýrslu frá óháðum sérfróðum matsmönnum um samrunaáætlun, m.a. um endurgjald fyrir hluti. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að það feli í sér innleiðingu EES-reglna um einföldun ákvæða við samruna og skiptingu hlutafélaga. Jafnframt kemur fram að ákvæðin eigi rætur sínar að rekja til áætlunar Evrópusambandsins um að draga úr stjórnsýslubyrðum. Ennfremur segir svo að talið sé að nægilegs öryggis fyrir lánadrottna og hluthafa í minni hluta sé gætt með ákvæðunum.


Rétt er að fram komi að frumvarpið var lagt fram á 136. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga m.a. vegna athugasemda ríkisskattstjóra sem settar voru fram í umsögn embættisins dags. 10. desember 2008. Í þeirri umsögn kom eftirfarandi fram:


„Samrunar hafa skattalegar afleiðingar bæði fyrir þau félög sem í hlut eiga og fyrir hluthafa þeirra. Sérfræðiskýrslur af þeim toga sem nefndar eru í frumvarpinu hafa hingað til haft margvíslega þýðingu við álagningu opinberra gjalda og við skatteftirlit. Það er álit embættisins að erfiðara yrði um vik fyrir skattyfirvöld að sannreyna þau atriði sem skýrslurnar taka til njóti þeirra ekki við. Þá verður ekki séð hvernig öryggis lánadrottna sé gætt við þær tilslakanir sem fyrirhugað er að gera, bæði með því frumvarpi sem hér er til umsagnar og því sem er í smíðum í viðskiptaráðuneytinu. Af þeim sökum fer embættið fram á að tekin verði af öll tvímæli um að skyldu til þess að leggja fram yfirlýsingu endurskoðenda eða skoðunarmanna um að hve miklu leyti samruni kunni að rýra möguleika lánadrottna á að fá fullnustu í hinum einstökum félögum sbr. 4. mgr. 122. gr. laga um hlutafélög og 4. mgr. 97. gr. laga um einkahlutafélög. Að síðustu metur ríkisskattstjóri atburði síðustu mánaða á íslenskum fjármálamarkaði þannig að vart sé unnt að mæla með einföldun á regluverki.“

Í frumvarpi því sem nú hefur verið lagt fram er tekið tillit til þessara athugasemda ríkisskattstjóra þannig að 1. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að við 122. gr bætist ný málsgrein, 5. mgr., svohljóðandi: „*Ef allir hluthafar í samrunafélögunum samþykkja er þess ekki krafist að óháðir, sérfróðir matsmenn geri skýrslu um samrunaáætlunina, m.a. um endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.-3. mgr. Þó skal endurskoðandi gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánadrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.*“

Að mati ríkisskattstjóra færi betur á því að efnislega viðbótin, þ.e. 1. másl. hinnar nýju 5. mgr. yrði að 4. mgr. 122. gr. og að núgildandi 4. mgr. yrði að 5. gr. með þeirri orðalagsbreytingu að í stað orðanna „*matsmennirnir skulu enn fremur*“ komi „*matsmennirnir skulu þó ætíð*“ . Matsmenn eru skilgreindir í 7. gr hlutafélagalaga nr. 2/1995 sem löggiltir endurskoðendur eða lögmenn ellegar aðrir sérfróðir dómkvaddir menn. Að mati ríkisskattstjóra eru engar sjáanlegar forsendur til að þrengja þessa skilgreiningu. Að gerðri þessari breytingu sýnist mega fella niður aðrar greinar í I. kafla frumvarpsins. Samsvarandi breytingar væri eðlilegt að gera á II. kafla frumvarpsins. Tekið skal fram að ábendingar ríkisskattstjóra af þessu tilefni beinast fremur að tæknilegri framsetningu við breytingar á gildandi lögum en efnislegum atriðum breytingarfrumvarpsins.

Virðingarfyllt


Skúli Jónsson


Skúli Eggert Þorðarson